

## GJALDSKRÁ

### fráveitu Dalvíkurbyggðar.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitu og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016.

#### 2. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal það vera eftirfarandi:

- a) Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 17.389,72 kr. pr. íbúð og 362,89 kr. pr. fermetra húss.
- b) Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 40.067,94 kr. pr. eign og 362,89 kr. pr. fermetra húss.
- c) Álagning skv. a- og b-liðum skal þó aldrei vera hærri en 0,47% eða lægri en 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Sveitarfélagið annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Dalvíkurbyggð og innheimtir sérstakt rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við tæmingu, urðun seyru og umsjón með verkinu, sbr. 8. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016.

Árlegt rotþróargjald sem lagt er á hverja íbúð, þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár, er 13.481,01 kr. Að auki er greitt árlegt fast gjald 17.378,37 kr. á hverja íbúð til að standa straum af kostnaði vegna niðursætningar á rotþrónni. Af öðru húsnæði sem fjallað er um í b-lið 2. gr., greiðist sambærileg rotþróargjöld þ.e. fast gjald og rotþróargjald.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila hverju sinni.

#### 4. gr.

Með vísan til 14. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016, er lagt á tengigjald fráveitu sem er 15% af útreiknuðu gatnagerðargjaldi eins og það er á hverjum tíma. Það innheimtist sérstaklega og nýtur sama lögveðsréttar og gatnagerðargjald.

#### 5. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

#### 6. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2022. Jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá nr. 1478/2021.

Samþykkt í veitu- og hafnaráði Dalvíkurbyggðar 24. september 2021.

Samþykkt í byggðarráði Dalvíkurbyggðar 11. nóvember 2021.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 23. nóvember 2021.  
Samþykkt leiðrétting í byggðarráði Dalvíkurbyggðar 3. febrúar 2022.

*Dalvíkurbyggð, 4. febrúar 2022.*

**Katrín Sigurjónsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. febrúar 2022